



Reglur um innri endurskoðun

1. Lagastoð og gildissvið

- 1.1 Reglur þessar eru settar á grundvelli 54. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi.
- 1.2 Reglur þessar kveða á um framkvæmd innri endurskoðunar hjá Viðlagatryggingu Íslands

2. Innri endurskoðunardeild

- 2.1 Vegna smæðar í yfirbyggingu Viðlagatryggingar Íslands er ekki grundvöllur fyrir því að starfrækja sérstaka innri endurskoðunardeild innan veggja VÍ.

3. Endurskoðunarnefnd

- 3.1 Endurskoðunarnefnd er virk hjá Viðlagatryggingu Íslands á grundvelli IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Stjórn skipar 3 menn í Endurskoðunarnefnd.

4. Fyrirkomulag innri endurskoðunar

- 4.1 Reglur um innra eftirlit skilgreina virkni innri eftirlitskerfa og eru þau til skoðunar árlega á vegum Endurskoðunarnefndar.

5. Athugasemdir Endurskoðunarnefndar

- 5.1 Endurskoðunarnefnd skal gera stjórn grein fyrir störfum sínum með skriflegum hætti og tilgreina tímamörk á úrbótum vegna athugasemda samkvæmt starfsreglum Endurskoðunarnefndar.

6. Úrbætur vegna athugasemda


- 6.1 Framkvæmdastjóri sinnir úrbótum sem er þörf á að mati Endurskoðunarnefndar og gerir stjórn grein fyrir því með hvaða hætti það er gert.

7. Breytingar á reglum um innri endurskoðun

- 7.1 Til breytinga á starfsreglum þessum þarf samþykki meirihluta stjórnar.

Reglur þessar voru samþykktar í stjórn Viðlagatryggingar Íslands þann 8. febrúar 2011 og tóku gildi sama dag.


Torfi Áskelsson, formaður stjórnar


Adolf Guðmundsson


Andrés Skúlason


Guðjón Rúnarsson


Jóna Kristín Þorsteinsdóttir